



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 85 ára afmælis skólastarfs
Bifröst
5. desember 2003

Ágæti rektor
Prófessorar, starfsfólk,
nemendur og velunnarar
skólastarfs í Bifröst fyrr og nú

Það er mikil saga sem bundin er þessum skóla, í rauninni þjóðarsagan á mestu framfararöld Íslendinga, umbrot og kraftur, hugmyndir um breytta tíma, ríkur vilji til að ryðja nýjar brautir.

Í öndverðu var litið á skólann sem aflstöð, markmiðið að virkja hann í þágu hugsjóna um farsæld og velferð, um samvinnu sjálfstæðra einstaklinga, um sókn byggðanna til sjávar og sveita, um sjálfstæði og aukinn rétt Íslendinga.

Kjarninn í arfleifð skólastarfsins hér í Bifröst er viljinn til að breyta, sækja fram, ganga á hólmi við vanahugsun og ítök þeirra sem verja vilja óbreytt ástand.

Sumir mundu jafnvel segja að Samvinnuskólinn hafi í upphafi verið byltingarskóli í bestu merkingu þess orðs, tilgangurinn að koma á nýrri skipan í atvinnulífi og valdakerfi, þjálfva sveit dugmikils æskufólks sem yrðu framverðir sóknarinnar.

Þá hafði um aldir ríkt á Íslandi rótgróið kerfi embættisvalds og yfirstéttar sem varið var með ströngum inntökuskilyrðum í Lærða skólann; forréttindin voru meginlögmál, aðgangur að áhrifastöðum byggður á einokun í höndum hins æðsta valds; ástandið nánast lokuð skipan þar sem ættartengsl innvígðra réðu oft miklu um örlög manna.

Þótt margt megi segja um Jónas frá Hriflu þá verður það ekki frá honum tekið að hafa verið í fararbroddi uppreisnar gegn þessu staðnaða kerfi, baráttunnar fyrir breyttri skipan á sem flestum sviðum. Skólinn var

aflstöðin sem knýja átti byltinguna áfram og gerði það reyndar að mörgu leyti.

Útskrifaðir héldu nemendurnir til ábyrgðastarfa vítt um land, tóku við stjórn fyrirtækja sem fólkið hafði stofnað til í heimabyggð, gerðust forystumenn í þjóðmálum og sveitastjórnnum, ýmsir kosnir fljótlega til alþingissetu en héldu þó áfram að stýra framför héraðanna.

Samvinnuskólinn flutti þann boðskap að treysta bæri ungu fólki og hið sama gerði í árdaga hreyfingin sem skólann studdi; ótrúlegt að rekja ungan aldur þeirra sem voru til forystu valdir, urðu stjórnendur fyrirtækja rúmlega tvítugir að ógleymdum úrvalsnemanda sem gerður var að fjármálaráðherra aðeins 27 ára gamall; sumir segja reyndar vegna þess að hann kunni tvöfalt bókhald og gat því sannað að ríkissjóður var ekki rekinn með tapi.

Það er mikill efniviður í frásagnir um hvernig Samvinnuskólinn í tíð Jónasar hafði ríkuleg áhrif á þjóðarsögu og vonandi munu einhverjir fræðimenn takast á hendur að gera því efni viðhlítandi skil.

Einnig er afar fróðlegt að rifja upp hvernig nýjar kynslóðir breyttu anda skólalahaldsins þegar flutt var hingað í Bifröst og hinn merki kennimaður Guðmundur Sveinsson tók að aga og þjálfar nemendurna. Uppreisnarviljinn sem þá fór um Vesturlönd knúði hér dyra og úr gerjun ólíkra strauma kom ný sveit forystumanna sem enn er að verki í atvinnulífi og landsstjórninni. Skólinn var áfram áhrifaafli. Leiðarljósíð var að fræða og hvetja, hvetja alla til að láta að sér kveða þegar út í lífið væri komið, setta sig ekki við óbreytt ástand, sækja fram og láta hvorki hagsmunaitök eða æðri valdsmenn hamla för.

Hugmyndaarfur háskólans sem nú er í Bifröst er því ríkulegur höfuðstóll ef hann er metinn í réttu ljósi og hagnýttur sem veganesti á þeirri leið sem framundan er.

Viljinn til að breyta og sannfæringin um eigið afl eru rætur þessa skóla ásamt þeirri vissu að lýðræðislegur réttur allra til áhrifa og þátttökan í sköpun öflugs atvinnulífs séu bestu vegvísar sem völ er á, kjarninn í árangursríkri framfarasókn.

Skólanum var í upphafi ætlað að breyta, það var hugsunin fyrir tæpri öld, og svo er reyndar enn þegar hann nú er orðinn háskóli, hann skyldi vera kraftmikið hreyfiafl, gætum jafnvel sagt byltingarafl í anda hugsjóna frumherjanna, umbótaafli í menntakerfi okkar Íslendinga.

Uppbyggingin sem hér blasir við er ævintýri líkust. Margir efuðust um að hægt yrði að hrinda glæstum áformum í framkvæmd, en það hefur svo sannarlega orðið raunin.

Hér er að rísa háskólabær, þekkingarmiðstöð á alþjóðavísu, sönnun þess að menntastofnanir geta verið kjarninn í árangursríkri byggðastefnu.

Hér hefur nýrri upplýsingatækni verið beitt í þágu nútímalegra kennsluhátta, nemendur í reynd eigin herrar, hafa sama aðgang og kennarasveitin að upplýsingum; gegnsæi, skilvirkni og sjálfstæði hvers og eins orðin aðal skólalastarfsins; því tekið fagnandi hvernig hin nýja tækni gerði það kleift.

Hér eru farnar nýjar leiðir í námsframboði og samvali kennslugreina, boðaðar breyttar áherslur og þannig sköpuð ný sýn á samfélagið, samspil atvinnulífs og lýðræðislegra ákvarðana, áhrif alþjóðavæðingar á íslenskan veruleika.

Viðskiptaháskólinn í Bifröst er orðinn öflugur boðberi nýrrar hugsunar í íslensku menntakerfi og hefur þegar skilað kröftugri liðsheild til fyrirtækja og á annan vettvang. Hátíðarhöldin í dag sýna að áfram er haldið með miklum þrótti og samvinnun sögu og framtíðarsýnar er leiðarljós allra sem hér koma að verki.

Við Íslendingar lifum nú umbrotatíma, ólíkir straumar berast okkur úr ýmsum áttum, fyrirtæki eru að ná árangri á alþjóðamarkaði langt umfram það sem áður var talið gerlegt. Umsvifin erlendis eru einkum í sóknargreinum sem flestir, ef ekki allir, hefðu fyrir tíu eða tuttugu árum talið fjarstæðu að kæmu til greina.

Hverjir hefðu spáð því að bankastarfsemi, lyfjaframleiðsla, smásöluverslun, gervilimir, drykkjavörur ættu eftir að skáka mörgum í sjávarútvegi sem uppspretta arðs íslenskra fyrirtækja á alþjóðavelli? Hvernig mun þjóðin laga sig að þeim kröfum sem þessi árangur skapar? Hvernig verður sambúðin á heimavelli þegar fjármagnið sem umsvifin erlendis skapa finnur sér farvegi í íslensku efnahagslífi? Hvernig ætlum við að samræma það að eiga íslenskar rætur og vera alþjóðleg í hugsun og athöfn?

Þessar spurningar og margar aðrar munu brenna á okkur í framtíðinni og gera reyndar nú þegar eins og nýleg dæmi sýna. Við erum kannski um þessar mundir að hefja sams konar umbyltingaskeið og setti svip á þjóðlíf Íslendinga þegar Samvinnuskólanum var ýtt úr vör fyrir 85 árum.

Nú eins og þá er þörf á öflugri menntastofnun sem skýtur sér ekki undan glímunni við ögrandi viðfangsefni, er reiðubúin til verka þegar óþægilegar spurningar vakna, ætlar nemendum sínum það hlutskipti að virkja umrótið og ólguna sem að okkur berst, vill vera í senn áhrifarík í

íslenskum veruleika og alþjóðleg tengibrú, staðráðin í að sækja sköpunarkraft í nýja hugsun hvaðanæva úr víðri veröld.

Það verður fróðlegt og spennandi í senn að fylgjast með vexti og viðgangi Viðskiptaháskólans hér í Bifröst á komandi árum og miklar væntingar eru bundnar við skólann, bjartsýni ykkar og sóknarkraft.

Sú bygging sem áformað er að rísi í næstu framtíð, verkið hafið í dag með skóflustungu sem mér er heiður að taka, er enn ein sönnun þess að hér er hugsað stórt og framfararviljanum nánast engin takmörk sett. Jónas frá Hriflu og Guðmundur Sveinsson hefðu verið stoltir af því fólki sem hér er í fylkingarbrjósti.

Ég færi rektor, hinum merka brautryðjanda sem ég kynntist ungum að árum, prófessorum, starfsliði, nemendum og fjölskyldum ykkar árnaðaróskir og vona að samstarfið á vettvangi Viðskiptaháskólans í Bifröst verði ykkur öllum og þjóðinni til heilla.